alþýðu-blaðið

Þriðjudagur 15. október 1985

Alþýðublaðið, Ármúla 38, 108 Reykjavík
Sími: (91) 81866, 81976
Útgefandi: Blað hf.
Ritstjóri: Árni Gunnarsson (ábm.)
Blaðamenn: Friðrik Þór Guðmundsson og Jón Daníelsson
Framkvæmdastjóri: Valdimar Jóhannesson
Skrifstofa: Halldóra Jónsdóttir og Eva Guðmundsdóttir
Setning og umbrot: Alprent hf., Ármúla 38
Prentun: Blaðaprent hf., Síðumúla 12

Áskriftarsíminn er 81866

Morð, fangelsanir og pyndingar

— *tíðkast enn í öllum heimshlutum samkvæmt skýrslu Amnesty International fyrir árið 1984*

Meiri eða minni brot gegn sjálfsögðustu mannréttindum eru framin í a.m.k. 123 þjóðlöndum heimsins á þessari gullöld siðmenningar, sem við flest teljum okkur lifa. Fólk er ennþá fangelsað án dóms og laga, pyntað til sagna, eða í hefndarskyni og líflátið vegna skoðana sinna eða trúar, eða jafnvel mestanpart vegna kynþáttar síns. Slíkar aftökur fara í sumum löndum fram að undangengnum réttarhöldum sem ekki standa undir nafni nema til að sýnast.

Svona óhugnanlegar staðreyndir er að finna meðal annars efnis í nýútkominni skýrslu frá samtökunum Amnesty International, þar sem fjallað er um mannréttindabrot í heiminum á árinu 1984 og baráttu samtakanna gegn þeim. Greint var frá útkomu skýrslunnar í stuttri frétt hér í blaðinu fyrir fáum dögum, en full ástæða er til að skýra efni hennar nokkru nánar fyrir lesendum.

Að sögn samtakanna sjálfra sýnir skýrsla þessi svo ekki verður um villst að brot gegn mannréttindum einangrast síður en svo við einhver ákveðin þjóðfélagskerfi. Þannig

Í Kína var dauðarefsingu m.a. beitt gegn fjöldamörgum afbrotum í samræmi við herferð þá gegn glæpum er hófst þar í landi árið 1983.

eru framin brot gegn sjálfsögðum mannréttindum bæði í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum og nágrannar okkar Bretar og jafnvel Finnar komust á skrá auk ríkja í fjarlægari heimshlutum, en það kemur okkur reyndar síður á óvart.

Afríka

Fangelsun án undangenginna réttarhalda er útbreidd í þessari heimsálfu. Af 41 ríki sem getið er um í skýrslunni, var vitað um slíkar fangelsanir í 38 ríkjum. Þúsundir pólitískra fanga eru í haldi í ríkjum álfunnar. Til dæmis má nefna að

Vitað er um hátt í 700 aftökur í Íran á árinu 1984 en sú tala gæti sem best verið mun hærri.

bara á Addis Ababa er talið að um 1500 pólitískir fangar séu í haldi í aðalfangelsi borgarinnar. Í Luzira-fangelsi, rétt hjá Kampala, höfuðborg Uganda var vitað um a.m.k. 1100 slíka fanga. Fjölmargir pólitísku fanganna eru svokallaðir samviskufangar, þ.e. þeir sitja í fangavist einvörðungu vegna skoðana sinna, en ekki vegna afbrota af neinu tagi.

Ólögleg dráp á vegum stjórnarhersveita áttu sér einnig stað í fjöldamörgum ríkjum Afríku á síðasta ári. Í Suður-Chad voru hundruð manna handtekin, grunuð um að vera hliðholl skæruliðum, og tekin af lífi án nokkurra réttarhalda. Frá Kenya bárust fregnir af fjöldahandtökum, pyndingum og drápum á fólki af kynþætti Sómala.

Samtökin vita þannig um a.m.k. 560 samviskufanga í Sovétríkjunum, en talið er að þeir geti verið mun fleiri.

Í Uganda er talið að hundruð fólks hafi verið drepin og frá Zimbabwe bárust fregnir um að stjórnarhersveitir hafi farið um með barsmíðum og drápum. Viðlíka fregnir bárust einnig frá Eþíópíu, Zaíre, Kamerún, Ghana, Namibíu og Sómalíu.

Í Suður-Afríku var dauðadómum beitt vægðarlaust og af fyllstu hörku á sl. ári. Vitað er um a.m.k. 114 manns sem voru hengdir í Pretóríu og fjöldi manns var tekinn af lífi í hinum svokölluðu heimalöndum.

Aðrar ómannúðlegar og niðurlægjandi refsingaraðferðir voru skrásettar af Amnesty International í Afríkuríkjum. Þar má nefna að í Súdan var fólk handhöggvið og fótstýft svo seint sem á árinu 1984.

Ameríka

Meðal mannréttindabrota sem samtökin skráðu í ríkjum Vesturálfu á sl. ári voru mannrán og pyndingar, pólitísk dráp og fangelsun án dóms og laga. Fólk sem grunað var um andstöðu við stjórnvöld var stundum látið hverfa í þessum ríkjum.

Amnesty International hafði á árinu afskipti af pólitískum fangelsunum á Haiti, Paraguy, Mexíkó og Peru.

Í Chile var þúsundum manna haldið föngnum í skemmri tíma og

Skyldum við þar með geta sofnað á kvöldin í öruggri fullvissu þess að hér séu ekki framin brot gegn mannréttindum.

fjölda fólks skipað að flytja búferlum án nokkurs möguleika til áfrýjunar. Þar hafa pyndingar einnig haldið áfram og á sl. ári var vitað um a.m.k. tvö dauðsföll af völdum pyndinga.

Fregnir bárust af pyndingum í fjöldamörgum öðrum Ameríkulöndum m.a. Guyana, Mexikó, Paraguay og Surinam.

Í Guatemala hélt fólk áfram að „hverfa" á árinu 1984. Til dæmis segir frá því í skýrslunni að á tímabilinu frá mars til maí hafi flestir forvígismenn stúdentasamtakanna „horfið".

Í Nicaragua hafa hersveitir sem berjast gegn stjórn Sandínista iðulega tekið fanga af lífi, annað hvort á staðnum, eða eftir að fangarnir hafa verið fluttir til grannríkisins Hondúras. Stjórnvöld í Nicaragua hafa hins vegar m.a. fangelsað forystumenn löglegra stjórnarandstöðuflokka.

Framh. á bls. 2

Ævisaga Kjarvals er nú komin út


Ævisaga Jóhannesar S. Kjarvals er nú komin út hjá Almenna bókafélaginu. Bókin er eftir Indriða G. Þorsteinsson, mikið verk í tveimur bindum. Þar er rakin ævi Kjarvals frá fæðingu í Efriey í Meðallandi 15. október 1885 og til dauðadags 13. apríl 1972.

Í ævisögunni eru margar myndir, litprentanir af málverkum og ljósmyndir frá ævi listamannsins og af samferðafólki hans.

Hússtjórn Kjarvalsstaða réði Indriða árið 1976 til að rita ævisöguna. Hann hefur starfað að því verki síðan, fyrst við gagnasöfnun og úrvinnslu gagna, en ritun sögunnar hófst ekki fyrr en um áramót 1983—'84 . . . Davíð Oddsson, borgarstjóri, ritar formálsorð.

Hafsteinn Guðmundsson í Þjóðsögu hefur ráðið allri uppsetningu og útliti bókarinnar. Frank Ponzi sá um val málverka til myndatöku og hafði umsjón með prentun þeirra. Björn Friðfinnsson, framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýslu borgarinnar, hefur fylgst með framvindu verksins fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Fyrra bindi ævisögu Kjarvals er



288 blaðsíður og hið síðara 326. Þá eru myndasíður ekki taldar með. Prentsmiðjan Oddi sá um filmuvinnu og prentun bókarinnar.

Molar

. . . Og svo allir hinir flokkarnir

Þótt kosningaúrslitin í Svíþjóð séu löngu lýðum ljós, gildir það reyndar aðeins um helstu niðurstöður. Það er nefnilega þannig í þessu ágæta landi að þegar endanlegar niðurstöður liggja fyrir í smáatriðum, kemur í ljós að heilir 800 „stjórnmálaflokkar" eða þar um bil hafa fengið atkvæði. Fæstir þessara flokka eru til í raun og veru, heldur eru atkvæði þeirra þannig til komin að einhver húmoristískur kjósandi hefur skrifað uppdiktað flokksnafn á kjörseðilinn sinn. Þetta er þó nægjanlegt til þess að „flokkurinn" er nákvæmlega skrásettur, því eins og allir vita eru Svíar nákvæmt fólk og kerfi þeirra er eitt hið allra fullkomnasta sem til er í þessum heimi.

Þannig verða af skyndingu til nýir flokkar eins og til dæmis Flokkur Gústafs kattar og Antievrópski skinkuflokkurinn, svo dæmi séu nefnd.

Fyrir nokkrum kosningum fann einhver snillingur upp á því í kjörklefanum að sennilega væri Andrés önd alveg kjörinn í embætti forsætisráðherra í staðinn fyrir Pálma eða Falldyn og skrifaði nafn teiknimyndahetjunnar á kjörseðilinn. Eitthvert blaðanna sagði svo frá þessu eftir kosningarnar og uppátækið vakti þvílíka hrifningu að Andreś önd, sem heitir reyndar Kalle Anka á sænsku, hefur fengið æ fleiri atkvæði allt frá þessu.

Kannski endar þetta með því að flokkur hans fái nægilega mörg atkvæði til að tryggja þingsæti. Og upp frá því kemur að sjálfsögðu allt til með að ganga mun hraðar fyrir sig. Hveit veit nema . . . ?

Halldór Blöndal og Héðinn og fleiri góðir menn

Halldór Blöndal alþingismaður er sagður vonbiðill ráðherrastóls (samkvæmt traustum heimildum úr laugunum næstur á eftir Friðrik og Birgi Ísleifi) er sem kunnugt er hatrammur andstæðingur Búseta og mun m. a. hafa haft hönd í bagga með að koma í veg fyrir að fjármálaráðuneytið gæfi Búseta sparnaðarleyfið á dögunum.

Ekki má nafnið Búseti svo heyrast né sjást að Halldór Blöndal sé ekki mættur til leiks og „leiðrétti" þar ýmsan misskilning eins og hann orðar það sjálfur.

Hér á dögunum var vakin athygli á því í Alþýðublaðinu að krafan um íbúðarbyggingar á félagslegum grundvelli er ekki lengur einungis byggð á þeim rökum hérlendis að nauðsynlegt sé að byggja yfir þá sem ekki hafa möguleika á að eignast eigið húsnæði, heldur vaxi nú þeirri skoðun ásmegin að fólk eigi rétt á því að velja sjálft, hvort það **vill** fjárfesta í steinsteypunni eða láta sér nægja að greiða leigu fyrir hana.

Þetta fór greinilega mjög fyrir brjóstið á þingmanninum og í grein sem hann ritaði í Morgunblaðið nokkru síðar fékk hann ekki lýst hneykslun sinni á þessari skoðun. Þetta verður kannski skiljanlegt þegar tekið er tillit til þess að þingmaðurinn tilheyrir þeirri kynslóð fólks sem eignaðist steinsteypuna nokkurn veginn gratís á kostnað foreldra sinna og afkomenda. Margir meðlimir þessarar kynslóðar una nú glaðhlakkalegir við sitt.

Halldóri Blöndal varð það fyrst fyrir í orðvana hneykslun sinni að vitna til Héðins Valdimarssonar. Telur Halldór mikinn mun finnanlegan á hugsjónum þeim sem lágu að baki fyrstu skóflustungu Héðins að verkamannabústöðum og hugsjónum Alþýðuflokksins nú og stuðningi hans við Búseta.

Ekki ætlum við okkur þá dul hér á Molum að rífast við Halldór Blöndal um skoðanir þær sem Héðinn Valdimarsson hefði hugsanlega haft á fyrirbrigðinu Búseta, ef Héðinn hefði lifað. Hins vegar var því laumað að okkur um daginn að á sínum tíma var stofnað húsnæðissamvinnufélag í Reykjavík á svipuðum grundvelli og Búseti. Þetta mun nánar tiltekið hafa verið snemma á þriðja áratugnum og það er kannski engin von að Halldór muni eftir því (líkaminn er nú einu sinni ekki jafn gamall og hugsunarhátturinn) og einn af forvígismönnum þessa félagsskapar hét Jón Baldvinsson. Kannast Halldór nokkuð við það nafn?